

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. desember 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-20/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 24. febrúar 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á þjónustu af fyrirtækinu Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að seljandi hafi krafist of hárrar greiðslu og krefst lækkunar á reikningnum.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 11. mars 2019, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljanda var aftur gefinn kostur til andsvara þann 5. september 2019. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Neftndinni bærust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 13. desember 2019, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og meðfylgjandi gögnum kemur fram að álitsbeiðandi festi kaup á þjónustu seljanda við að lagfæra skemmdir sem höfðu orðið á gólfefni í fasteign hennar vegna leka frá svalahurð. Ákveðið var að leggja flísar á svæðið sem áður var parketlagt og var seljandi fenginn til verksins. Svæðið sem átti að flísaleggja var um 1,56 m² að stærð eða 1,4 meter x 1,03 meter. Samningur um þjónustuna var munnlegur og seljandi gaf ekki tilboð í verkið að sögn álitsbeiðanda vegna óvissu um umfang vinnunnar. Seljanda var afhentur lykill að fasteigninni til að hafa greiðan aðgang að verkstað og keypti álitsbeiðandi allt efni í verkið, þ.e. flísar, fúgu, lím, grunn, krossa og lista milli parkets og flísa til að fela sárið í viðnum.

Verkið var unnið í júlí og ágúst 2018 og þegar verkinu var lokið hafði seljandi lagt alls sex flísar auk afskurðar á svæðinu. Álitsbeiðandi kveðst hafa gert athugasemdir við verkið þar sem flísarnar væru lægri en parketið og listinn væri illa sagaður. Auk þess hafi ekki verið gengið frá parketlistum sem voru upp við vegg og umgengni ekki til fyrirmyndar. Síðar barst álitsbeiðanda reikningur fyrir vinnuna sem var að fjárhæð 337.032 krónur sem álitsbeiðandi telur of háan miðað við umfang verksins. Seljandi hefur ekki orðið við beiðni álitsbeiðanda um að lækka reikninginn. Að sögn álitsbeiðanda hafa fjórir iðnlærðir aðilar skoðað verkið og talið reikninginn í ósamræmi við umfang verksins. Telja þeir aðilar að vinna við verkið sé í mesta lagi tíu klukkustunda vinna en seljandi krefst greiðslu fyrir vinnu í 38 klukkustundir samkvæmt reikningi, dags. 27. október 2018. Álitsbeiðandi hefur boðist til að greiða seljanda alls 203.112 krónur fyrir vinnuna en seljandi hefur ekki svarað því tilboði. Telur álitsbeiðandi sanngjarn að greiða 75.000 krónur til 100.000 krónur fyrir vinnuna.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Líkt og að framan er rakið sömdu aðilar um að seljandi tæki að sér að flísaleggja um það bil 1,56 m² svæði sem áður var parketlagt við svalahurð í fasteign álitsbeiðanda. Álitsbeiðandi festi kaup á því efni sem notað var til verksins en seljandi sá um vinnuna. Seljandi gaf ekki upp áætlað verð fyrir verkið en þegar verkinu var lokið krafðist seljandi greiðslu að fjárhæð 337.032 krónur. Álitsbeiðandi telur að reikningur seljanda sé í ósamræmi við umfang verksins og krefst lækkunar.

Kærunefndin telur að 28. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) eigi við í málinu, en ákvæðið er svohljóðandi:

28. gr.

Hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skal neytandi greiða það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hún er.

Ef samið er um vinnu verks miðað við ákveðinn tímafjölda samkvæmt ákvæðinu ræðst verðið af því hversu margir tímar voru í raun unnir. Við mat á því hvort unninn tímafjöldi sé hæfilegur ber að miða við það hvað yfirleitt tíðkast í greininni þegar sambærileg þjónusta er innt af hendi. Ef hátt verð stafar af því að skipulagning verks er ekki forsvaranleg af hálfu seljanda getur neytandi samkvæmt 28. gr. þkpl. neitað að greiða annað en sanngjarnt verð. Sama á við þegar seljandi þjónustu hefur notað kostnaðarsamara vinnufyrirkomulag en nauðsynlegt er.

Samkvæmt reikningi seljanda, dags. 27. október 2018, er krafist greiðslu fyrir verkliðinn „Önnur vinna v. viðgerðar 38. klst.“. Krafist er greiðslu að fjárhæð 6.000 krónur fyrir hverja klukkustund eða alls 228.000 krónur. Þá er krafist greiðslu vegna útlagðs kostnaðar við „Sagablöð, vélar og tæki“ alls 22.800 krónur og akstur í sjö skipti fyrir alls 21.000 krónur. Að viðbættum 65.232 krónum í virðisaukaskatt er greiðslukrafa seljanda alls að fjárhæð 337.032 krónur. Seljandi gerir grein fyrir þeirri vinnu sem unnin var í tímaskráningarblaði sem álitsbeiðandi hefur lagt fyrir nefndina. Skráningin er með eftirfarandi hætti:

- 2. júlí 2018 – Skoðun, mat, rakamæling, 2 klst.
 - 6. júlí 2018 – Skoðun, rakamæling, 2 klst.
 - 9. júlí 2018 – Saga utan með, 2 menn, 8 klst.
 - 8. ágúst 2018 – Saga út meira, 2 menn, 6 klst.
 - 10. ágúst 2018 – Skoða, meta, rakamæla, 2 klst.
 - 23. ágúst 2018 – Skoða, meta, grunna, 2 klst.
 - 24. ágúst 2018 – Flísaleggja, 2 menn, 8 klst.
 - 25. ágúst 2018 – Fúa, frágangur, 2 menn, 8 klst.
- Samtals 38 klukkustundir.

Til að komast að niðurstöðu í málinu verður kærunefndin að leggja mat á það hvort tímafjöldi samkvæmt reikningi seljanda og annar kostnaður sé hæfilegur og í samræmi við þá vinnu sem innt var af hendi ber samkvæmt 28. gr. þkpl.

Fyrir liggur að svæðið sem átti að flísaleggja hafði orðið fyrir skemmdum vegna leka frá svalahurð. Er því eðlilegt að seljandi hafi þurft að skoða svæðið vel og rakamæla, til að tryggja að raki væri ekki lengur til staðar áður en hafist var handa við verkið. Samkvæmt

tímaskráningu seljanda er krafist greiðslu fyrir skoðun og rakamælingu í tvær klukkustundir þann 2. júlí 2018 og aftur 6. júlí 2018. Þann 10. ágúst 2018 kveðst seljandi að nýju hafa framkvæmt skoðun og rakamælingu í tvær klukkustundir. Kærunefndin álitur að þrjár aðskildar skoðanir og rakamælingar geti skýrst af framangreindu. Hins vegar telur nefndin sér fært að líta svo á að alls sex klukkustundir í slíka skoðun, á svo litlu svæði, sé umfram eðlilegan vinnutíma vegna slíks verkþáttar. Álitur kærunefndin að seljanda beri að lækka greiðslukröfu sína um tvær klukkustundir vegna skoðunar og rakamælingar.

Af gögnum málsins og þeim myndum sem álitsbeiðandi hefur sent til kærunefndarinnar verður ráðið að svæðið sem flísalagt var hafi verið nokkuð lítið. Flísarnar sem notaðar voru til verksins eru nokkuð stórar og eru aðeins tvær heilar flísar á svæðinu. Virðast flísar hafa verið sagaðar til og lagðar meðfram heilu flísunum á sjö stöðum. Seljandi krefst greiðslu fyrir að „saga utan með“ þann 9. júlí 2018 í vinnu tveggja manna alls átta klukkustundir. Ekki er ljóst hvað fólst í þessum verkþætti en líkast til var verið að saga í burtu hið skemmda parket í fasteign álitsbeiðanda í samtals átta klukkustundir fyrir tvo menn. Tæplega mánuði síðar eða þann 8. ágúst 2018 var sagað út meira í samtals sex klukkustunda vinnu tveggja manna. Kærunefndin getur ekki litið svo á að vinna við að saga út efni fyrir flísalögn á svo litlu svæði geti undir eðlilegum kringumstæðum tekið alls 14 klukkustundir líkt og tímaskráning seljanda ber með sér. Álitur nefndin að seljanda beri að lækka greiðslukröfu sína sem nemur fjórum klukkustundum vegna þessa verkþáttar.

Síðar vann seljandi í tvær klukkustundir þann 23. ágúst 2018 við að skoða og grunna svæðið. Næsta dag var flísalagt af tveimur mönnum í samtals átta klukkustundir. Þann 25. ágúst 2018 var svo fúga sett milli flísanna og gengið frá í samtals átta klukkustundir í vinnu tveggja manna. Kærunefndin telur sig ekki hafa forsendur til að fallast á lækkun greiðslukröfu seljanda vegna þessa verkþátta, þar sem ekki liggur fyrir að kostnaðurinn sé óeðlilegur með hliðsjón af umfangi verksins.

Seljandi hefur krafist greiðslu að fjárhæð 22.800 krónur án virðisaukaskatts fyrir notkun verkfæra eða svokallaðs verkfæragjalds sem algengt er í störfum iðnaðarmanna. Telur kærunefndin sig ekki hafa forsendur til að fallast á lækkun á þeim hluta af greiðslukröfu seljanda. Að sama skapi telur nefndin sér ekki fært að fallast á lækkun reikningsins vegna akstursgjalds seljanda, sem algengt er að krafist sé við framkvæmd slíkra verka. Verður ekki séð að fjárhæð kröfunnar sé í ósamræmi við tímaskráningu seljanda vegna mætingar á verkstað sem skráð er í alls átta skipti.

Samkvæmt öllu framangreindu ber seljanda að lækka greiðslukröfu sína á hendur álitsbeiðanda um alls sex klukkustundir eða um 44.640 krónur.

V

Álitsorð

Seljanda, Y, ber að lækka greiðslukröfu sína á hendur álitsbeiðanda, X, um 44.640 krónur.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson